




Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

Skipulags  
Síða 1  
Mótt.: - 8 AUG. 2013  
Mál nr.: 201308018

Reykjavík 17. apríl 2013

**Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags  
"HESTHÚSABYGGÐ HÓLMSHEIÐI, ALMANNADALUR"  
sem sambykkt var í borgarráði 23.09.2003**

Höfundar deiliskipulagsins eru Landslag ehf., landslagsarkitektar FÍLA, byggingaskilmálar voru unnir í samvinnu við Helga Haflidason, arkitekt FÍA.



Skýringarmynd sem sýnir hluta deiliskipulagsins, svæðið við Almannadal

Breytingin felst í því að bætt er við texta í skilmála í kafla **4.5 Hús í Almannadal**, hvað varðar svalir á húsgöflum. Texti í gildandi skilmálum í kafla 4.5 er svo hljóðandi **Breytingar eða viðbætur eru feit- og skáletraðar**:

**4.5 Hús í Almannadal:**

Húsin eru af 2 breiddum eins og fram kemur á uppdrætti, annars vegar 12,0m breið hús af 2 gerðum og hins vegar 8,5m breið hús af einni gerð.

Í breiðari húsunum er gefinn kostur á að mynda nýtanlegt rými þar sem húsið er hæst og í annarri gerðinni (B) er hægt að hafa glugga á efri hluta. Af breiðari húsunum (12m) má velja um 2 gerðir, A og B.

Gerð A hefur mæni yfir miðju húsi meða vegghæð yfir hlíðarvegg (þ.e. fjarlægð frá gólfi að skurðlinu

útflata þaks og útveggjar) skal ekki vera meiri en 3,2m og mænishæð 6,0m hið mesta.

Gerð B hefur ósamhverft þversnið og þar er gefinn kostur á gluggum sem skulu snúa út að viðkomandi gerði. Lægri hluti hússins skal vera a.m.k. 4m breiður, mesta hæð á hlíðarvegg 3,2m og mesta hæð hússins 6,0m. Lágmarksþakhalli er 14°, eða 1:4, en hámarkshalli er 25°, eða 1:2,2.

Mjórri húsin (br. 8,5m) eru af einni gerð (C) og skulu hafa mæni yfir miðju húsi. Mesta vegghæð við hlíðarvegg skal ekki vera meiri en 3,2m og mænishæð ekki meiri en 5,2m. Lágmarksþakhalli er 14°, eða 1:4, en hámarkshalli er 25°, eða 1:2,2.

Styttri húsin 2, sem snúa endum saman í hverri þyrpingu, verða að vera af sömu gerð, enda ber að líta á þau sem eina heild enda þótt taðþróarflokut skilji þau að.

Að öðru leyti er það samkomulagsatrið milli rétthafa hvers húss fyrir sig hvarr gerðar það verður. Heimilt verður að byggja haughús undir lengri gerð húsanna, þar sem landhalli leyfir, sé niðurkeyrla að þa leyst innan byggingarreitsins við gaflinn fjærst bílastæðunum.

Steyptar taðþrær eru annars vegar sameiginlegar á milli styttri húsanna og hins vegar við gafla lengri hússanna. Taðþrær skulu vera yfirbyggðar eða lokaður taðgámur staðsettur í steyptri taðþró (sjá kafla 4.2). Tryggja skal að rigningarvatn eða annað yfirborðsvatn renni ekki í þær, sigvatn frá þeim og hesthúsum skal leiða í felligildru um fráveitum. Taðþrær skulu vera eins fyrirferðalitlar og mögulegt er og skal allur frágangur þeirra miða að því að þægilegt sé að komast að þeim við losun og lestun jafnframt því sem auðveld verði að halda þeim og umhverfi þeirra snyrtilegu. Þak yfir taðþró skal vera lægra en þak viðkomandi húss og taka mið af því varðandi halla og form að öðru leyti. Gildir það jafnt um stakar þrær við enda lengri hússanna og þrær sem verða milli hinna styttri og eru sameiginlegar með þeim. Endanlegt fyrirkomulag taðþróa og aðferð við hirðingu taðs, verður gerð nánari skil í úthlutunarskilmálum.

Litir: Til þess að hverfið fái samfellt og heildstætt yfirbragð er gengið út frá samræmdum lit á þaki og veggjum. Tekið er mið af litum sem til eru á innbrenndu eða húðuðu stáli. Skulu þök, þakbrúnir og vindskeiðar vera grá (milligrá) og veggir gulbrúnir eða brúnir, fremur ljósir en dökkir. Verði húsín máluð, skal taka mið af þessum litum en ekki er nauðsynlegt að þeir verði nákvæmlega eins. Þess skal þó gætt að litir í hverri þyrpingu verði sem næst því að vera eins. Samræma skal liti á gluggum og hurðum innan hvarrar löðar (þyrpingar) og skal ekki nota skæra lit.

Viðbót við skilmála:

**"Heimilt verði að byggja litlar svalir á húsgöflum á öllum gerðum húsa (þ.e. A, B og C) á hesthúsasvæðinu við Almannadal og mega þær fara lítillega út fyrir skilgreindan byggingareit. Svalirnar mega vera á húsgöflum beggja megin húsa".**

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslagsa nr. 123/2010 var sambykkt a embæftart. skipulagstuh. þann 1. ágúst 2013 og í \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 20\_\_\_\_\_.

Tillagan var auglýst frá 11. júní 2013 með athugasemdafresti til 26. júlí 2013.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20\_\_\_\_\_.

*Björn Áslaugsson*